



Guðbjörg Lind Jónsdóttir í Artóteki

# Mistur, úði og rakamettað andrúmsloft

Sýning á verkum Guðbjargar Lindar Jónsdóttur myndlistarkonu verður opnuð í Artóteki Borgarbókasafns Reykjavíkur við Tryggvagötu 15 í dag.

Á sýningunni, sem er 21. einka-sýning Guðbjargar, má sjá olíumálverk, vatnslitamyndir og skúlptúra en verk hennar hafa frá upphafi tengst vatni og sýna fossa, læki, ár, stöðuvötn, höf og óræðar eyjar á

haffleti. Yfir þeim hvílir mistur eða úði sem gerir þau fjarlæg en um leið finnur áhorfandinn fyrir nálægð vatnsins og rakamettaðs andrúmslofts.

Artótek leigir út og selur íslenska samtímalist til einstaklinga og fyrirtækja. Nánar er hægt að skoða verkin á staðnum eða á vefsíðunni artotek.is.